

1. Þegar mál þarfnast stjórnvaldsákvörðunar samkvæmt kafla 1.4.2 í skoðunarhandbókum og 4. tl. VLY-002 eða af öðrum ástæðum skal viðkomandi héraðsdýralæknir (HD) stofna mál í One. Stofnað er „Nytt mál“ fyrir viðkomandi viðskiptavin og málasniðmátið „4.14.0 Stjórnvaldsaðgerðir – öflokkað mál“ valið í flokknum „Umdæmi“. Heli máls verður sjálfkrafa „Stjórnvaldsaðgerðir-ÁR-X-Umdæmi-Z“ (X = SV-NV-NA-SA fyrir viðkomandi umdæmi) og (Z =matvæli, fóður, smitsjúkdómur eða dýrategund fyrstu fjórir stafir í eintölu). Skoðunarskýrsla/ur og önnur fylgiskjöl skulu sett í málið. Viðkomandi HD er ábyrgðaraðili máls. Varði mál fleiri en eitt umdæmi stofnar sérgreinadýralæknir dýrategundar (SD) málið og verður þá ábyrgðaraðili þess. Ábyrgðaraðili fjarlægir viðkomandi SD og HD sem ekki þurfa að tengjast málinu og bætir við SD faraldsfræði ef mál varða smitsjúkdóma. Ábyrgðaraðili fylgist með framgangi málsins, fylgir því eftir og lokar því, sbr. 10. tl. Við stofnun máls skv. málasniðmáti verða eftirfarandi starfsmenn sjálfkrafa tengdir aðilar: Lögfræðingur dýravelferðar (hér eftir lögfræðingurinn), allir HD, allir SD dýrategunda og SD velferðar í sláturhúsum, auk sviðsstjóra vettvangseftirlits. Auk þess stofnast sjálfkrafa í málinu logbók í möppunni *Logbók - fundargerðir – framvinda*. Jafnframt stofnast eftirfarandi möppur *Samskipti; Skoðunarskýrslur úr Ísleyfi og Úttagður kostnaður til endurinnheimtu*. Logbók stofnast sjálfkrafa í möppunni. Öll skref sem tekin eru við vinnslu málsins skulu skráð í **Logbókina** og þer hver og einn starfsmaður ábyrgð á að skrá inn sínar aðgerðir í logbókina. Gáttlisti (verk) skv. þessari vinnulýsingu stofnast sjálfkrafa í málinu.

[Sjá frekari leiðbeiningar um stofnun, lokun og aðgengi að stjórnvaldsaðgerðamálum í LBE-222](#)
[Sjá frekari úttíðun á verklagi um stjórnvaldsaðgerðir í LBE-124.](#)

2. Eftirfarandi starfsmenn koma saman, skv. boði ábyrgðaraðila máls og vinna þeir sem „Ad hoc-teymi“. Teymið tekur sameiginlega ákvörðun og hefur sérhver þeirra tiltekið hlutverk á fundum.

- **Lögfræðingur dýravelferðarmála** greinir hvort mál sé nægjanlega rannsakað til að hægt sé að hefja vinnu við stjórnvaldsákvörðun og aðgættir að farið sé að tilheyrandi lögum.
- **Héraðsdýralæknir** viðkomandi máls kynnir málavexti og gögn sem liggja fyrir, auk annarra upplýsinga um staðhætti og aðstæður sem tengjast málinu og máli skipta.
- **Sérgreinadýralæknir dýrategundar** greinir helstu áhrif á dýrin sem reykja má til meðferðarinnar og leggur fram tillögu um stjórnvaldsaðgerð sem hann telur vænlegasta til árangurs út frá sjónarmiðum um líðan dýrana.

Teymið ákveður hvort og þá hvaða stjórnvaldsaðgerð skuli beitt. Ábyrgðaraðili stofnar minnisblað og skráir á ad hoc fundi, hverjir mættir, helstu upplýsingar um málavexti, umræður og ákvörðun. Ábyrgðaraðili getur boðað aðra samstarfsmenn á fundi sé tilefni til, en þeir taka þó ekki þátt í ákvörðun. Sé ákvörðun ekki einróma, skal vísa málinu til yfirdýralæknis, sviðsstjóra vettvangseftirlits, sviðsstjóra samhæfingar og sviðsstjóra stjórnsýslu sem taka sameiginlega ákvörðun.

Áður en ákvarðanir eru teknar um þvinganir eða refsingar sem geta haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir stofnunina eða viðkomandi aðila, svo sem út frá umfangi aðgerða eða fjárhagslegum hagsmunum aðila, skal ábyrgðaraðili upplýsa yfirdýralækni (YD) á fyrstu stigum umfjöllunar. Sé tilefni til upplýsra YD forstjóra og sviðsstjóra vettvangseftirlits, samhæfingar og stjórnsýslu. Þeir tilkynna ábyrgðamanni hvort þeir hyggist taka þátt í ákvörðun og verða þannig meðlimir Ad hoc teymisins.


3. Að tekinni ákvörðun skiptir Ad hoc-teymið með sér verkum og framfylgir málum samkvæmt vinnulýsingu þessari. Ábyrgðaraðili máls breytir málalýkli í samræmi við tekna ákvörðun. Sé um stjórnvaldssekt/dagsekt að ræða þá bætir ábyrgðaraðili innheimtufultrúa inn í málið sem tengilið.

Eftirfarandi málalýklar eru notaðir:

- Stjórnvaldssekt - Málalýkill 4.14.1
- Mál fellt niður - Málalýkill 4.14.2
- Kæra til lögreglu - Málalýkill 4.14.3
- Viðvörðun - Málalýkill 4.14.4
- Dagsektir - Málalýkill 4.14.5
- Brot á smitsjúkdómalögum – Málalýkill 4.14.6
- Aðrar aðgerðir – Málalýkill 4.14.7
- Vörslusvipting – Málalýkill 4.14.8

Verði til fleiri en ein ólík ákvörðun í máli helst málalýkill óbreyttur en málalýktir skráðar. Ef ný gögn berast eða aðstæður breytast t.d. vegna úrbóta, getur viðkomandi HD tekið nýja ákvörðun í samráði við Ad hoc-teymið og það skráð í málið. Feli ný ákvörðun í sér stefnubreytingu kallar ábyrgðaraðili Ad hoc teymið saman.

Sé stjórnvaldssekt ákveðin er við mat sektar unnið skv. LBE-124 og skal að jafnaði stiga brot á sama fundi og ákvörðun um stjórnvaldssekt er tekin, ef ekki þá ætíð innan 2ja vikna. Lögfræðingurinn ákveður margfeldi „fjöldi brota“ og „brotavilja“ auk annarra þátta sem komið gætu til refsilækkunar eða -hækkunar. Viðkomandi SD dýrategundar og viðkomandi HD ákveða grunnstig og margfeldið fyrir „fjöldi dýra“. Niðurstöður eru skráðar í sameiginlegt skjal (EBL-124) sem vistað er í málinu.



4. Lögfræðingurinn skrifar bréf innan viku frá ákvörðun eða stígun sektarupphæðar (skv. lið 3) þar sem tilkynnt er að Matvælastofnun hyggist taka tiltekna ákvörðun og veitir frest til andmæla, bréfið skal undirritað og vistað sem pdf skjal og sent eftirlitsþega úr málinu ef tölvupóstfang liggur fyrir. Eftirlits- eða frávikaskýrsla skal fylgja með bréfi. Sé tilefni til skal, auk t-pósts úr málinu, senda bréf til eftirlitsþega í ábyrgðarpósti eða bréf afhent með öðrum sannanlegum hætti. Ef bréf er ekki sent með tölvupósti skal skanna inn afrit af bréfi með undirskrift og vista í málinu.

5. Ef andmæli berast metur Ad hoc-teymið þau innan við viku frá því þau berast og tekur nýja ákvörðun ef tilefni er til.

6. Innan við viku frá útrunnum fresti til andmæla eða endurákvörðun í kjölfar andmæla sendir lögfræðingurinn ákvörðunarbréf (í t-pósti og ábyrgðarpósti). Öll bréf eru vistuð í málinu og send þaðan eins og lýst er í 4. tl. Í samræmi við leiðbeiningar MAR skal hann tilkynna til ráðuneytis á netfangið atrn@atrn.is ef málið varðar starfsemi sem fær opinberar stuðningsgreiðslur og sé um vörslusviptingu að ræða.

7. Ad hoc-teymið tekur ákvörðun um skipulag og framkvæmd þvingana og/eða refsinga auk þess hvernig eftirliti með framkvæmdinni skuli hagað. Að jafnaði er verkaskipting eins og hér er lýst.

□ Stjórnvaldssekt - Lögfræðingurinn sendir póst á innheimtufulltrúa (innheimta@mast.is) sem sendir sektina til innheimtu. Innheimtufulltrúi sendir tilkynningu úr málinu um álagningu stjórnvaldssektar til Innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar (innheimta@syslumenn.is) ásamt ákvörðunarbréfi.

□ Kæra til lögreglu - Lögfræðingurinn sendir hana.

□ Dagsektir – HD ber ábyrgð á að framkvæmd sé úttekt að liðnum 5 daga frestinum og ætíð innan 2ja vikna.

□ Dagsektir ákveðnar - Lögfræðingurinn sendir viðkomandi aðila úttektarskýrslu HD (sbr. lið hér að ofan) og bréf þar sem tilkynnt er að áður ákveðnar dagsektir verði innheimtar frá ákvörðunardegi til úttektardags, auk þess sem hann upplýsir í bréfinu að dagsektir verði innheimtar reglulega í framhaldinu. Lögfræðingurinn sendir innheimtufulltrúa beiðni um fyrstu innheimtu. Innheimtufulltrúi sendir tilkynningu úr málinu um álagningu dagsekta til tengiliðs hjá Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar ásamt ákvörðunarbréfi.

□ Dagsektir lagðar á - Innheimtufulltrúi sér um áframhaldandi álagningu dagsekta og innheimtir fyrir 2ja vikna tímabil þar til að tilkynning berst frá HD um stöðvun dagsekta. HD sér um að fylgja eftir hvort úrbætur séu gerðar og tilkynna innheimtufulltrúa ef stöðva skal innheimtu dagsekta.

□ „Viðvörðunarbréf“ - HD Skrifar bréfið og sendir, staðlaður texti er sóttur í sniðmáti.

□ Vörslusvipting eða aðrar þvinganir – HD stýrir aðgerðum og kallar til sín aðstoð eftir þörfum, en lögfræðingurinn annast öll bréfaskrif og sendingar.

□ Ráðstöfun vörslusviptra dýra - HD annast framkvæmd en SD og lögfræðingurinn leiðbeina/aðstoða eftir þörfum.

□ Útlagður kostnaður - Ábyrgðaraðili skal við samþykkt reiknings upplýsa bókara og innheimtufulltrúa um endurinnheimtu kostnaðarins. Innheimtufulltrúi vistar reikninga í tiltekinni möppu í málinu, sbr. 1.tl.

Ef ákvörðunin skilar ekki tilætluðum árangri skal ábyrgðaraðili taka málið aftur upp í Ad hoc-teyminu eins fljótt og alvarleiki máls krefur, en ekki seinna en innan 3ja mánaða frá því frestir til úrbóta runnu út.

8. Þegar ákvörðun liggur fyrir skal taka mið af Upplýsingastefnu MAST (SSK-010) varðandi almenna upplýsingagjöf í tengslum við málið. Sé tilefni til ritar lögfræðingurinn frétt sem sviðsstjóri vettvangseftirlits birtir á heimasíðu. Lögfræðingurinn skal hafa yfirsýn yfir árangur stjórnsýsluákvæðana og upplýsa þar um innan sem utan stofnunar.

9. Ábyrgðaraðili lokar máli þegar staðfest er að úrbætur hafa verið gerðar eða ákvörðunum um aðgerðir verið framfylgt og lokið. Hann ber ábyrgð á að nauðsynleg skjöl séu öll vistuð í málinu áður en því er lokað. Ábyrgðaraðili skráir jafnframt málalyktir í málið með því að velja eitt eða fleiri viðeigandi efnisorð:

- Stjórnvaldssekt lögð á og innheimt
- Fallið frá stjórnvaldssekt – andmæli tekin til greina
- Dagsektir stöðvaðar – úrbætur gerðar
- Dagsektir stöðvaðar – þvingun aukin
- Fallið frá dagsektum - úrbætur gerðar innan 5 daga
- Vörslusvipting framkvæmd – dýr aflifuð/slátrað
- Vörslusvipting framkvæmd – dýrum ráðstafað
- Fallið frá vörslusviptingu
- Kæra til lögreglu
- Svipting mjólkursöluleyfis
- Fallið frá sviptingu mjólkursöluleyfis
- Aðrar aðgerðir
- Mál fellt niður
- Brot á smitvarnarlögum
- Viðvörðun